

# Fréttapistill frá forseta Íslands

10. maí 2020

Gleðilegan mæðradag, kæru landsmenn! Nú er tæp vika liðin frá því að slakað var á vörnum gegn veirunni skæðu hér á landi. Þessi vikupistill ber þess viss merki. Sunnudaginn 3. maí var ég gestur á daglegum upplýsingafundi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, flutti þar ávarp og svaraði spurningum blaðamanna. Ávarpið má sjá hér: <https://www.forseti.is/.../2020-05-03-uppl%C3.../>

Daginn eftir gafst langþráð tækifæri til að fara í klippingu. Smám saman færast samfélagið í eðlilegt horf. Áfram eru ýmsar hömlur þó í gildi og við munum lengi finna fyrir ýmsum óbeinum afleiðingum farsóttarinnar. Þar að auki erum við ekki enn laus undan þessari ógn og megum ekki slá slöku við. Á það og fleira benti ég í ávarpi mínu, sem ég gat um að ofan. Það tækifæri nýtti ég einnig til að þakka öllum þeim sem hafa staðið í ströngu að undanfögnu, heilbrigðisstarfsfólki, forystusveit okkar í almanna- og veiruvörnum og svo mörgum fleirum. Í þeim efnum leyfi ég mér líka að benda á ávarp mitt til þjóðarinnar á páskadag: <https://www.forseti.is/.../2020-04-12-%C3%A1varp-forseta.../>

Síðastliðinn miðvikudag afhenti nýr sendiherra Japans, Hitoshi Ozawa, trúnaðarbréf sitt á Bessastöðum. Varnir gegn veirunni réðu því að sú athöfn var með öðru sniði en venja er. Ég tók ekki við bréfinu úr hendi sendiherra og ekki var boðið til móttöku fyrir þá sem sinna samstarfi og viðskiptum milli Íslands og Japans. Slík athöfn verður að bíða betri tíma eins og svo margt annað um þessar mundir.

Um leið verðum við að horfa fram á veg, búa í haginn og hugsa í lausnum. Þennan sama dag átti ég fund með Ríkharði Ibsen framkvæmdastjóra um möguleg sóknarfæri í ferðaþjónustu á Reykjanesskaga þegar fram líða stundir, og sömuleiðis um alþjóðasamstarf á sviði jarðhitánytingar. Einnig hef ég átt önnur samtöl um leiðir til að laða fólk og hópa hingað þegar það þykir óhætt og verður spennandi að sjá hvort úr því rætist. Alltaf verður þó að hugsa fyrst og fremst um líf og heilsu fólks; illt yrði að fá bakslag og hertar varnaraðgerðir á nýjan leik.

Á föstudaginn var hófst og lauk söfnun tilskilins fjölda meðmælenda vegna framboðs míns til forseta Íslands að loknu þessu kjörtímabili. Ég þakka öllum sem sýndu mér þann stuðning. Einnig þakka ég þeim vinum og félögum sem aðstoðuðu mig í þessum efnum.

Þennan sama dag héldum við fjölskyldan til Vestmannaeyja. Veðrið lék við okkur og vel var tekið á móti okkur eins og fyrri daginn. Síðustu helgar höfum við haldið í stuttar ferðir frá höfuðborgarsvæðinu, fyrst í Vík og um Suðurland og svo í Dalina vestra. Nú gistum við eina nótt í Eyjum, fórum í bátsferð, krakkarnir prófuðu að spranga eins og áður og góðs matar var notið á veitingastöðum. Þá sáum við mjaldrana frægu sem hlúð er að í laug þar innandyra en fá senn að komast í sjókví í Klettsvík, austan við Heimaklett. Vestmannaeyjar eru kjörnar fyrir helgarferð, margt að skoða og upplifa. - Og fallett var að sjá sólina setjast á hafflötinn.

Ég tók líka þátt í viðavangshlaupi þeirra Eyjamanna, var áður búinn að fá staðfest hjá heilbrigðisyfirvöldum að þau hefðu lagt blessun sína yfir viðburðinn enda var lögð áhersla á að fylgja öllum reglum og tilmælum um veiruvarnir. Hlaupaleiðin um eyjuna er alveg mögnuð, fjölbreytt og strembin á köflum, en útsýnið alltaf einstakt. Að neðan getur að líta nokkrar myndir úr þessari Eyjaferð. Þar sést m.a. að hluta hlaupsins var ég í öðru sæti. Margir komu að undirbúningi viðburðarins en á engan er hallað þótt ég nefni sérstaklega Magnús Bragason. Hann á heiður skilinn fyrir þetta framtak og erum við tveir saman á einni mynd að neðan.

Vonandi ná sem flestir að ferðast um landið okkar í sumar, njóta alls þess sem það hefur upp á að bjóða og styðja um leið athafnalífið hvarvetna. Og vonandi hafa mæður þessa lands notið dagsins!

Í sögu Íslands er 10. maí merkilegur fyrir þær sakir að þann dag árið 1940 steig breskur her á land í Reykjavík. Hernám Íslands var hafið. Ári síðar tók við varnarsamstarf okkar og bandamanna í stríðinu þótt íslensk stjórnvöld héldu reyndar formlegu hlutleysi út allan hildarleikinn. Styrjöldin breytti öllu hér; í stað atvinnuleysis og erfiðleika ríkisins við að standa í skilum erlendis var allt í einu næga vinnu að fá og fíksala til Bretlands skóp þjóðarauð. Þar voru fórnir þó færðar. Mannskaði Íslendinga í stríðinu jafnast ekki á við þær hörmungar sem margar aðrar þjóðir í Evrópu þurftu að þola en hlutfallslega misstum við eins mörg mannlíf og Bandaríkjamenn – og langflest á hafi úti. Því má ekki gleyma þegar talað er um „blessað stríðið“ eins og stundum er gert hér á landi.

Við upphaf nýrrar viku óska ég ykkur öllum velfarnaðar.